49
8. sept.

LÖG
um
Ríkisveðbanka Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Ríkisveðbanki Íslands. Heimili bankans og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að kaupa íslenzk skuldabréf, sem út eru gefin af peningastofnunum, sem veita lán gegn fyrsta veðrétti í fasteignum. Fjár til skuldabréfakaupa þessara aflar bankinn með því að gefa sjálfur út skuldabréf, er nefnast skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands, og selja þau á innlendum eða erlendum peningamarkaði.

3. gr.

Til tryggingar skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands eru:

a. allar eignir bankans,
b. ábyrgð ríkissjóðs.

Má aldrei meira vera í umferð í senn af skuldabréfum Ríkisveðbanka Íslands en svo, að bankinn eigi jafnháa upphæð að gullgildi í skuldabréfum þeim, sem ræðir um í 8. gr., og auk þess tryggingarsjóð, er nemi að minnsta kosti ⅙ af upphæð skuldabréfa þeirra, sem í umferð eru.

4. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út í flokkum, og þarf samþykki fjármálaráðherra til útgáfu hvers flokks. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð skuldabréfanna, svo og um vaxtaupphæð og eindaga á vaxtagreiðslum. Skuldabréfin skulu öll háð innlausn, eftir útdrátt eða við kaup á verðbréfamarkaði, og kveður stjórn bankans nánar á um útdrátt og innlausn skuldabréfa hvers flokks. Skuldabréfin skulu undirrituð af stjórn bankans og af fjármálaráðherra.

5. gr.

Skuldabréf Ríkisveðbanka Íslands skulu gefin út til handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans eiganda að kostnaðarlausu. Svo getur og eigandi skuldabréfa fengið þau geymd endurgjaldslaust í fjármálaráðuneytinu, á ábyrgð ríkisins, og gefur þá fjármálaráðuneytið eiganda út geymsluskírteini um bréfin. Vextir af bréfum, sem þannig er komið í geymslu, sér fjármálaráðuneytið um, að sendir séu eiganda fyrir milligöngu bankans, í ávísunum, er greiðast eiga á einhverjum þeirra staða, þar sem greiðsla vaxta af skuldabréfunum og greiðsla útdreginna skuldabréfa á fram að fara. Sama gildir um skuldabréfsupphæðina við innlausn bréfsins, enda skili eigandi fjármálaráðuneytinu þá geymsluskírteininu.

6. gr.

Greiðsla vaxta af skuldabréfunum og innlausn útdreginna skuldabréfa fer fram í þeim peningastofnunum eða verzlunarhúsum innanlands eða utan, sem stjórn bankans kveður á um.

7. gr.

Fjárhæð skuldabréfa Ríkisveðbanka Íslands skal ákveðin í íslenzkum krónum, en þó má einnig ákveða hana í dönskum, norskum eða sænskum krónum, frakkneskum frönkum, sterlingspundum eða amerískum dollurum. Ávaxta má fé ólögráða manna í skuldabréfum þessum, og skulu þau jafnan njóta sömu undanþágu frá skatti eða stimpilgjaldi til ríkissjóðs Íslands, sem skuldabréf útgefin fyrir ríkisskuldum Íslands erlendis njóta.

8. gr.

Skuldabréf þau, er Ríkisveðbanki Íslands kaupir samkv. 2. gr., eru aðeins
skuldabréf veðdeildar Landsbanka Íslands,
skuldabréf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og
skuldabréf byggingarsjóðs fyrir verkamannabústaði, þegar samsvarandi lagaákvæði verða sett þar um.

Skuldabréf þessi skulu gefin út á grundvelli fyrsta veðréttar tryggingar í fasteign, er eigi nemi meiru en $^3/_5$ hlutum af virðingarverði hverrar fasteignar. Þau skulu vera háð innlausn að fullu, og tryggð með sameiginlegri ábyrgð lántakenda, eftir því sem segir í lögum og reglugerðum þessara stofnana, svo skal og vera löglegt að ávaxta fé ólögráða manna á Íslandi í bréfum þessum.

9. gr.

Í stjórn Ríkisveðbanka Íslands eiga sæti einn af bankastjórum Landsbanka Íslands, einn af bankastjórum Búnaðarbanka Íslands og einn gæzlustjóri. Fjármálaráðherra skipar stjórn bankans til 3 ára í senn. Bankastjórarnir hafa ekki sérstök laun fyrir störf sín, en ráðherra ákveður laun gæzlustjóra.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans.

49
8. sept.

10. gr.

Bankastjórnin sendir fjármálaráðuneytinu í lok hvers ársfjórðungs ágrip af reikningum bankans, en í hver árslok ýtarlega skýrslu um starfsemi bankans á árinu og ársreikning hans. Reikninginn lætur fjármálaráðuneytið endurskoða, og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Kostnaður allur við stjórn bankans og starfsemi greiðist af arðinum af starfsemi hans. Hrökkvi arðurinn eigi til greiðslu kostnaðarins, greiða stofnanir þær, sem Ríkisveðbankinn kaupir skuldabréf af, það, sem á vantar, að tiltölu við skuldabréfakaup Ríkisveðbankans af hverri þessara stofnana um sig á reikningsári bankans, því, sem um er að ræða. Tekjuafgangur, er verða kann á starfsemi bankans, rennur í tryggingarsjóð hans, sbr. 3. gr., en þar til tryggingarsjóður þessi hefir náð þeirri lágmarksupphæð, sem greinir í 3. gr., leggja téðar stofnanir að þeirri tiltölu, sem að ofan greinir, fram það, sem á kann að vanta, að tryggingarsjóðurinn nemi lágmarksupphæðinni.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.